



# Leyfisreglugerð KSÍ 2018 - útgáfa 4.1 -

Lúðvík S. Georgsson  
formaður leyfisráðs



# Allmiklar breytingar á UEFA reglugerð

- Ný útgáfa: 2018, af “*UEFA Club Licensing and Financial Fair Play Regulations*” tók gildi 1. júní 2018 og kom í stað útgáfu 2015. Þetta var afgreitt hjá okkur með útgáfu 4.1 af Leyfisreglugerðinni
- Sá sem hér stendur var þátttakandi í vinnuhópi UEFA sem fjallaði um breytingarnar sem gerðar voru með þessari reglugerð
- *Leyfisreglugerð KSÍ útgáfa 4.1* tók gildi 1. nóvember 2018 og gildir því fyrir leyfisferlið sem nú er nýhafið
- Flest ákvæði tóku þá gildi. Undanskilin er krafa um að taka upp *leyfiskerfi í Pepsídeild kvenna*, a.m.k. fyrir lið sem hafa áunnið sér sér rétt til að taka þátt í Evrópukeppnum kvenna – sem tekur gildi frá 1. nóv. 2019 – sama gildir um nýtt ákvæði um *Verndun barna*



# KSÍ-reglugerð - Efnislegar breytingar I

- **Grein 1** – Gerð er krafa um leyfiskerfi fyrir Pepsídeild kvenna – a.m.k. fyrir þau félög sem hafa áunnið sér rétt til að taka þátt í Evrópukeppnum á árinu (tekur gildi 1. nóv. 2019). Leyfið mun bera nafnið C-leyfi og er í flestu svipað og leyfið, sem nú gildir fyrir Inkassodeild / 1. deild karla (að kröfu um læknisskoðun ungra leikmanna undanskilinni)
- **Grein 4** – Gerðar eru auknar kröfur til leyfisveitanda (KSÍ) varðandi yfirferð á leyfisgögnum frá leyfisumsækjendum og að fullkomins jafnræðis sé gætt.
- **Grein 11** – Strangari kröfur um að ekki sé hreyft við lykileinkennum knattspyrnufélags, þ.e. nafni, aðsetri, lit búnings, osfrv.



# KSÍ-reglugerð - Efnislegar breytingar II

- **Grein 12** – Ríkari tilkynningarskylda er vegna breytinga hjá félagi, sem geta haft í för með sér að ákveðin forsenda sé ekki uppfyllt
- **Grein 15 (og 13)** – Kveðið á um að leyfiskerfi í Pepsídeild kvenna skuli fylgja greinum sem eru settar fram í viðauka VII (í gildi frá 1. nóv. 2019)
- **Grein 18** – Leyfisumsækjendur í efstu deild karla (og undir leyfiskerfi kvenna) skulu móta og framfylgja stefnu um árlega læknisskoðun ungra leikmanna (> 12 ára aldri – 4. fl. – sjá síðar)
- **Ný grein 23** – Um verndun og velferð barna – Leyfisumsækjandi skal móta stefnu og leiðbeiningar í takt við stefnumótun ÍSÍ og UEFA til tryggja vernda og tryggja öryggi og velferð ungra leikmanna (tekur gildi 1. nóv. **2019**)



# KSÍ-reglugerð - Efnislegar breytingar III

- **Grein 33** – Leyfisumsækjandi skal hafa í þjónustu sinni a.m.k. einn lækni eða sjúkráþjálfara sem er ábyrgur fyrir sjúkraeftirliti yngri liða
- **Grein 41** – UEFA / KSÍ A þjálfaragráða fyrir afreksþjálfun unglunga bætist við sem menntunarstig um yfirþjálfara unglingastarfs
- **Grein 50** – Skerpt á kröfum um skipurit félaga / leyfisumsækjenda, þannig að þau endurspegli sérhvern aðila með umtalsverð áhrif
- **Grein 52** - Skerpt hefur verið á kröfum um að leyfisumsækjendur fylgi formi KSÍ varðandi ársreikning og bókhald



# KSÍ-reglugerð - Efnislegar breytingar IV

- **Grein 52** – Leyfisumsækjandi verður að birta á vefsíðu sinni eða á vefsíðu KSÍ / leyfisveitanda heildarupphæð, sem greidd var beint eða óbeint til umboðsmanna á síðasta rekstrarári; sömuleiðis síðasta endurskoðaða ársreikning eftir yfirferð og samþykki KSÍ
- **Grein 53** – Skerpt hefur verið á kröfum vegna vanskila við önnur knattspyrnufélög
- **Greinar 58 og 59** – Tímabundin aðlögun felld út (var útrunnið)
- **Viðauki IV kafli B** – Uppsetningu rekstrarreiknings breytt lítillega
- **Viðauki IV kaflar J og K** – Gerðar eru verulega auknar bókhalds-kröfur tengdar félagaskiptum leikmanna, og sérstökum kostnaðar- og tekjuliðum. Hert er á kröfum varðandi varanleg félagaskipti og enn frekar varðandi tímabundin félagaskipti



# Samþykkt reglugerðar

- Nýja reglugerðin var samþykkt af stjórn KSÍ 31. október s.l. og tók gildi frá og með 1. nóvember
- Jafnframt hefur hún verið send Leyfiseild UEFA til formlegrar samþykktar – en það hefur þó ekki áhrif á gildistíma hennar á Íslandi



# Læknisskoðun yngri leikmanna

- Erfiðasta krafan í ofangreindum breytingum er án vafa **læknisskoðun yngri leikmanna karla og kvenna**. Það er ljóst að ef hún er framkvæmd af fullum þunga og unnin samkvæmt hefðbundnum töxtum lækna (og án þátttöku sjúkratrygginga) þá er hér um umtalsverðan kostnaðarauka fyrir félögin. Undirritaður var mjög ósáttur við hvernig þetta ákvæði var unnið og hefur farið fram á að það verði endurskoðað. KSÍ hefur lagt fram gögn fyrir UEFA þar sem staða Breiðabliks er tekin sem dæmi í þessu sambandi. Málið er til skoðunar en óvíst um niðurstöðu.





**Takk fyrir  
athyglina**

